

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. júní 2013 R2013060042
T-ums 08/13

Alþingi
Erindi nr. P 142/123
komudagur 28.6.2013

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán - 26. mál, þskj. 46.

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán, sbr. þskj. 46.


Með frumvarpinu er lagt til að gildistöku laga nr. 33/2013, um neytendalán, verði frestað þannig að þau taki gildi 1. nóvember 2013 í stað 1. september sama ár. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að beiðnir hafi borist um að fresta gildistöku laganna svo unnt sé að standa betur að þeim margvíslegu breytingum sem löggin kveða á um.

Ríkisskattstjóri vinnur að undirbúningi laganna sem m.a. gera ráð fyrir að lánveitendur geti beint aflað tiltekinna gagna vegna greiðslumats frá skattyfirvöldum. Ríkisskattstjóri hyggst miðla umræddum gögnum rafrænt gegn framvísun rafrænna skilríkja en í ljós hefur komið að fjármálafyrirtæki hafa ekki tök á að innleiða notkun rafrænna skilríkja fyrir áætlaða gildistöku 1. september nk.

Af þeim sökum mælir ríkisskattstjóri eindregið með því að gildistöku verði frestað til 1. janúar 2014.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir


Jónína Jónasdóttir